

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis til umdæmisstjórnarfundar 13. apríl 2013

Eftir tiltölulega rólegt tímabil er hafin törn númer tvö með heimsóknum svæðisstjóra í klúbbana. Í Ægissvæði eru heimsóknir langt komnar því búið er að heimsækja sjö af átta klúbbum; aðeins á eftir að heimsækja Vörður í Keflavík en það verður gert þriðjudaginn 16. apríl. Þessar heimsóknir hafa reynst með skemmtilegri verkefnum það sem af er starfsárinu. Móttökur hafa alltaf verið mjög góðar og mæting félaga oftast í góðu meðallagi. Á einum fundi, þar sem mæting var frekar slæm, var ég hughreystur með því að þeir sem væru fjarverandi hefðu ekki vita af því að von væri á svæðisstjóra í heimsókn. Á þessum fundum hef ég farið yfir það helsta sem er að fréttu af svæðinu og umdæminu. Einnig hef ég hvatt félaga til að láta í sér heyra ef það væri eitthvað sem þeir vildu koma á framfæri við umdæmisstjórn. Ég nefni hér á eftir þau atriði sem nefnd hafa verið.

Kallað hefur verið eftir samantekt frá fjölgunarráðstefnu.

Spurt var um kynningarefni sem umdæmið átti, boðskort á fundi og kynningarbæklinga.

Á fleiri en einum fundi þar sem ég hef sagt frá því að búið sé að senda til klúbba bréf með ósk um tilnefningu til kjörumdæmisstjóra 2014-2015 og á þingstað 2016 hafa menn hváð og ekki kannast við það.

Kvartað hefur verið undan því að félagalögin séu ekki lengur í hvítu bókinni. Uppstillingarnefnd vissi ekki hvenær hún ætti að skila af sér.

Ekki verður hjá því komist að nefna ósætti sem komið er upp milli klúbbanna Eldborgar og Hraunborgar. Umdæmisstjórn hefur verið upplýst um málið í bréfi frá forseta Hraunborgar og vonandi fær það farsæla lausn.

Lítill viðbrögð hafa verið við áminningu varðandi nýju félagalögin. Ég tel nokkuð víst að ýta þurfi við forsetum ef afgreiða þarf þetta formlega á starfsárinu hjá hverju klúbbi.

Annar svæðisráðsfundur starfsársins var haldinn 16. febrúar í Kiwanishúsinu í Garðabæ í umsjón Setbergs. Mæting var góð, allir forsetar skiluðu skýrslum og umdæmisstjóri heiðraði okkur með nærveru sinni og sagði frá því helsta sem var að fréttu af vettvangi umdæmisins. Allir klúbbar í Ægissvæði hafa skilað öllum skýrslum til og með febrúarskýrslu þegar þetta er skrifað í byrjun apríl.

Með Kiwaniskveðju,
Konráð Konráðsson, svæðisstjóri Ægissvæðis.